

176

8. sept.

AUGLÝSING

um staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breytingu á lögreglu-samþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 31. marz 1928.

1. gr.

58. gr. orðist þannig:

Á almannafæri mega hestar og kýr ekki ganga umhirðulaus. Hesta og kýr, sem ráfa umhirðulaust um götur bæjarins, skal lögreglan hýsa og fóðra á kostnað eigenda þeirra. Hestaeigendur eru skyldir til að eiga hús fyrir hesta sína og hýsa þá í vondum veðrum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 8. september 1952.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.

177

28. ágúst

REGLUGERÐ

um störf fræðslumálastjóra.

1. gr.

Fræðslumálastjóri stýrir framkvæmdum í kennslu og skólamálum undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Þetta nær þó ekki til mála, er varða Háskóla Íslands. Fræðslumálastjóri hefur ekki á hendi fullnaðarafgreiðslu annarra mála en þeirra, er ráðuneytið felur honum sérstaklega. Hann skal líta eftir því, að gildandi lögum og fyrirmælum menntamálaráðuneytisins um skólamál sé framfylgt og safna fyrirskipuðum og nauðsynlegum skýrslum um skólahald í landinu. Fræðslumálastjóri ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart menntamálaráðuneytinu og skal láta því í té skriflegt álit og tillögur um þau mál, er það ber undir hann. Svo skal hann og gera tillögur til ráðuneytisins um hvað eina, er hann telur að verða mætti til bóta í starfsgrein hans.

2. gr.

Fræðslumálastjóri skal í umboði ráðuneytisins auglýsa með hæfilegum umsóknarfresti kennarastöður þær, sem lausar eru og ráðstafa á. Skulu umsóknirnar stílaðar til ráðuneytisins, en sendar skólanefnd (fræðsluráði) eða skólastjóra þar sem eigi er skólanefnd (fræðsluráð), en fræðslumálastjóri lætur fylgja þeim umsögn sína og tillögur til ráðuneytisins. Fræðslumálastjóra ber að sjá um, að tala kennara við skóla sé jafnan í samræmi við gildandi fyrirmæli um þau efni.

3. gr.

Fræðslumálastjóri gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um ráðning far-kennara og lætur fylgja skrá um laun þeirra.